

Vegna æskulýðsstarfs í Hestamannafélaginu Kópi
Skýrsla send Landsambandi hestamannafélaga

Á þessu ári hefur verið gert eftirfarandi:

Haldin einn æskulýðsdagur 27.febrúar – og stefnan er sett á annan æskulýðsdag núna í haust. Það mættu 31 krakki í febrúar. Á dagskrá var ma.fræðsla, farið yfir reiðskóla undanfarin ár, leikir og borðuð pizza

Reiðskóli var haldinn 17, 18, 23 og 24 janúar, þe. 2ja helga námskeið. Þar voru skráðir 9 krakkar.

Í mars var haldinn reiðskóli 3 mánudagskvöld fyrir meira vana en 13. mars fyrir krakka sem hafa ekki aðgang að hestum.

Sumarreiðskóli var haldinn í 7-14. júní.

Firmakeppni var haldin í lok reiðskóla fyrir polla,börn og unglinga

Reiðnámskeiðin hafa verið haldin að Syðri Fljótum, þar er ný reiðhöll sem breytir allri aðstöðu til æskulýðsstarfs og vonandi tekst að rífa upp áhugan fyrir hestamennsku þar sem núna er hægt að halda námskeið allan ársins hring.

20.mars mætti Skúli Steinsson íþróttá og gæðingadómari með fyrirlestur og fræðslu um sýningartækni og fleira. Mættu bæði ungir og aldnir

21. mars voru haldnir vetrarleikar. Þar sem keppt var ma.í barna og unglingsaflokki.

Hestamannamót var haldið í júní þar var keppt í barnaflokki en vegna dræmrar þátttöku var ekki keppt í unglingsaflokki.

Í sumar auglýsti hestamannafélagið kvöldreiðtúra þar sem fólk hittist og fór saman í reiðtúr. Heppnaðist þetta mjög vel og mættu bæði ungir og gamlir. Fyrsti reiðtúrin var einmitt í lok sumarreiðskólans í júní. Þegar flest var mættu 22 í kvöldreiðtúr.

Á Kópsvæðinu er fullt af krökkum sem hafa brennandi áhuga á hestamennsku en það sem vantar er að virkja foreldra betur því krakkarnir verða að fá stuðning að heiman til að geta stundað hestamennsku. Einnig væri gott ef ýtt væri á æskulýðsnefndarmenn að gera meira fyrir krakkana.

Um fræðslu á æskulýðsdegi og reiðkennslu hefur séð menntaður reiðkennari.

Kveðja